

Sumarkveðja frá stjórn IPÍ

Bréf til heilbrigðisráðherra!

Nýlega var af heilbrigðisráðherra skipað landsráð um mönnun og menntun í heilbrigðisþjónustu og er það vel.

Að frumkvæði Unnar Pétursdóttur formanns Félags sjúkrahjálfa og undirritaðrar var sent bréf til heilbrigðisráðherra þar sem gerð var alvarleg athugasemd við faglega einsleitni ráðsins sem er að mestum hluta skipað fulltrúum með læknisfræði og hjúrunarfræði sem faglegan bakgrunn.

Nýkjörinn formaður BHM Friðrik Jónsson undirritaði bréfið ásamt formönnum allra aðildarfélaga bandalagsins í heilbrigðisgreinum.

Sjá nánar í frétt á www.ii.is



Að njóta en ekki þjóta!

Kæra félagsfólk!

Nú er sumarið í algleymingi og hlýindin loks mætt á staðinn. Mánuður maísólarinnar og sumarsólstöður eru að baki, COVID-19 á undanhaldi og mikill léttir fyrir leik og starf okkar allra að samkomutakmörkunum hefur verið aflétt að fullu innanlands. Þetta er stór áfangasigur í lífi þjóðar og alveg ljóst í mínum huga að hann ber að þakka samstöðu almennings og opinberu starfsfólki, ekki síst heilbrigðisstéttunum.

Líkt og í fyrra var dagskrá 1. maí óvenjuleg og ekki hægt að safnast saman í kröfugöngu eða á útifundi vegna heimsfaraldursins. Samtök launafólks, þar á meðal BHM buðu upp á dagskrá í sjónvarpi allra landsmanna þar sem slegið var á léttu strengi. Undirtóninn var engu að síður skýr. „Það er nóg til“ var slagorðið. Það vísar til þess gæðin í samfélaginu séu næg en það þurfi að skipta þeim á réttlátan hátt. Velferðarsamfélagið Ísland hefur alla burði til að tryggja að ekkert okkar þurfi að líða skort. Ég skora hér með á félaga IPÍ að fjölmenna í kröfugönguna 1. maí á næsta ári og lofa að bjóða upp á kaffi og kleinur í B6!

Stjórn IPÍ hefur fundað reglulega síðan á aðalfundinum 12. mars og lagt drög að starfinu í haust og vetur. Við munum hafa þann háttinn á, varðandi stjórnarfundum að nýta fjarfundi í annað hvert skipti og spara þannig ferðatíma.

Fagrð IPÍ var skipað í vor og finna má upplýsingar um það í fréttaveitunni á heimasíðu félagsins www.ii.is. Í pípunum er meðal annars að formgera starf faghópanna samkvæmt 20. grein laga IPÍ og skipa trúnaðarmannaráð samkvæmt 18. grein laganna. Til þess að það megi gerast þarf að fjölga trúnaðarmönnum og mun stjórn beita sér fyrir því að þeir verði kjörnir á vinnustöðum en einnig á félagssvæðum ef skilyrði um fjölda á vinnustað eru ekki uppfyllt.

Heimasíða félagsins er í stöðugu viðhaldi og endurskoðun. Þess má geta að nýlega leit dagsins ljós yfirlit ritrýndra greina sem iðjupjálfar hafa birt í fræðiritum frá 1998. Það er von okkar að fleiri höfundar sendi inn tilvísanir þannig að hægt sé að bæta við listann. Að auki tókum við saman yfirlit yfir skýrslur og fræðirit þar sem iðjupjálfar hafa átt efni. Hvort tveggja er til vitnis um þá miklu grósku sem er í rannsóknum og fræðistörfum innan fagsins hér á landi.

Athygli er vakin á því að þjónustuskrifstofa SIGL er lokuð frá 5. til 30. júlí en ef erindi eru afar brýn má hafa samband við undirritaða.

Ég vil að lokum óska öllu félagsfólki gleðilegs sumars og uppbyggjandi iðju í friinu. Muna bara að njóta en ekki þjóta!

Formaður Íðjupjálfafélags Íslands

Þóráður Leósdóttir